



HÁSKÓLI ÍSLANDS

BA ritgerð
í íslensku sem öðru máli

„Við verðum bara að bíða“ -
Pólsk þýðing á þremur smásögum úr *Kláða* eftir Fríðu Ísberg, ásamt
greinargerð

Barbara Lempicka

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir
Júní 2023

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

„Við verðum bara að bíða“ -
Pólsk þýðing á þremur smásögum úr *Kláða* eftir Fríðu Ísberg, ásamt
greinargerð

Barbara Lempicka
Kt. 230596-4179

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli
Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir

Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2023

„Við verðum bara að bíða.“ - Pólsk þýðing á þremur smásögum úr *Kláða* eftir Fríðu Ísberg,
ásamt greinargerð

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Barbara Lempicka, 2023

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA-prófs í íslensku sem annað mál við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Hún skiptist í tvo hluta: þýðing þriggja sagna: *Ljósakrónan*, *Að kúga eða kúgast* og *Heim* úr smásagnasafninu *Kláði* eftir Fríðu Ísberg úr íslensku yfir á pólsku og greinargerð þýðingarinnar. Fyrsti hluti skiptist í fjóra kafla. Inngangskafli leggur áherslu á markmið verkefnisins með að segja frá höfundinum, vali textanna, og stöðu kvenna á Íslandi og í Póllandi. Annar kafli útskýrir kenningar úr þýðingafræði sem notaðar eru í þýðingu textans. Þriðji kafli inniheldur þýðingavandamálín sem koma fyrir í verkefninu og lausnir þeirra, og fjórði kafli er lokaorð. Annar hluti lokaverkefnisins er þýðingin sjálf.

Abstract

This thesis is a final project for BA degree in Icelandic as a second language in School of Humanities at University of Iceland. The dissertation is divided in two parts: translation of three novels *Ljósakrónan*, *Að kúga eða kúgast* and *Heim* from book *Kláði* by Fríða Ísberg from Icelandic to Polish, and analysis of said translation. First part of the paper is divided into four chapters. Introduction chapter focuses on aim of the project by describing the author, chosen text and situation of women in Iceland and Poland. Second chapter describes translation studies theories and translation methods, which are then used in translation. Third chapter reports on difficulties that occurred while translating and solutions that were implemented, and fourth chapter contains short summary of the project. Second part of the thesis is translation itself.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Abstract	4
I. hluti: Greinargerð	7
1. Inngangur	8
1.1. Staða kvenna á Íslandi og í Póllandi	8
1.2. Um höfundinn	10
1.3. Um smásögurnar	10
1.3.1. Ljósakrónan	11
1.3.2. Að kúga eða kúgast	11
1.3.3. Heim	11
2. Fræðilegar forsendur	12
2.1. Um þýðingarkenningar	12
2.1.1. Þýðingararðferðir á forn- og miðöldum.....	12
2.1.2. Tímamót Lúthers	13
2.1.3. Friedrich Schleiermacher og eiginleg þýðing.....	13
2.1.4. Roman Jakobson og þrískipting þýðinga	14
2.1.5. Jafngildi Eugene Nida	15
2.1.6. Skoposkenningin Hans Vermeer og Katharina Reiss.....	16
2.2. Um þýðingaraðferðir	17
2.3. Um þýðingarferlið	18
2.3.1. Frumtextinn	18
2.3.2. Markmið þýðingarinnar	19
2.3.3. Um valda þýðingaraðferð	19
3. Þýðingarvandamál og lausnir	21
3.1. Málfræðileg þýðingarvandamál	21
3.1.1. Greinir.....	21
3.1.2. Mynd sagnorða	22
3.1.3. Horf sagnorða	23
3.1.4. Viðtengingarháttur	24
3.2. Setningafræðileg þýðingarvandamál	25

3.2.1.	Frumlag.....	25
3.2.2.	Leppur.....	26
3.2.3.	Myndun spurninga.....	26
3.2.4.	Orðaröð.....	26
3.2.5.	Lengd málsgreinar.....	27
3.3.	Orðfræðileg þýðingarvandamál.....	28
3.3.1.	Eiginnöfn og örnefni.....	28
3.3.2.	Samsett orð.....	29
3.3.3.	Stakorð.....	29
3.3.4.	Tökuorð og ensk orð.....	30
3.3.5.	Sagnasambönd og orðatiltæki.....	31
3.4.	Menningarleg þýðingarvandamál.....	33
3.4.1.	Notkun orðsins „ <i>vinur</i> “.....	33
3.4.2.	Kynlífsefni.....	34
4.	Lokaorð.....	37
	Heimildaskrá.....	38
	Prentaðar heimildir.....	38
	Rafrænar heimildir.....	39
II.	hluti: Þýðingin.....	41
	Żyrandol.....	42
	Ciemieżony czy ciemieżący.....	48
	Dom.....	57

I. hluti: Greinargerð

1. Inngangur

Pólverjar eru fjölmennasti minnihlutahópur útlendinga á Íslandi. Samkvæmt Manntali sem átti sér stað árið 2022, bjuggu 20.896 pólskir innflytjendur í landinu, þ.e. 34,2% allra innflytjenda¹. Á þessu ári styrkti Miðstöð íslenskra bókmennta fimm pólskar þýðingar. Hins vegar bjuggu um það bil 2800 þýskumælendur á Íslandi árið 2022 sem er 4,5% allra innflytjenda en samt sem áður styrkti Miðstöð íslenska bókmennta níu þýskar þýðingar².

Pólverjar eiga að flestu leyti frekar auðvelt með að aðlagast íslensku samfélagi en þörf er á frekari styrkingu til þess að þeir verði meiri hluti af íslensku samfélagi. Ein lausn er að færa okkur nær íslenskri menningu, það er m.a. að þýða íslenskar bókmenntir yfir á pólsku til að vekja áhuga á Íslandi og menningarlífi þess. Markmið þessa verkefnis er að sýna Pólverjum, sérstaklega ungum pólskum konum mikilvægan hluta íslenskrar menningar og sögu sem er baráttan fyrir jafnrétti kynjanna, með femínískum bókmenntum.

Valið var að þýða verk Fríðu Ísberg sem er ein af röddum kynslóðar ungra kvenna á Íslandi. Mikilvægt er að reyna að ná eins miklu úr annarri menningu eins maður getur. Með því að þýða verk Fríðu vona ég að pólskar konur verði innblásnar af sterkum íslenskum konum og haldi áfram baráttu sinni fyrir jafnrétti.

1.1. Staða kvenna á Íslandi og í Póllandi

Leiðir pólskra og íslenskra kvenna til löglegs jafnréttis byrjuðu á svipaðan hátt. Fyrst stofnuðu þær félag til að öðlast rétt til menntunar. Í Póllandi komu fram stefnumál um menntun kvenna árið 1775. Það var fyrsta tilraun ríkisins til að setja reglur um það sem var byltingarkennt á evrópskan mælikvarða. Fyrsti kvennaskólinn á Íslandi, þ.e. fyrsti skólinn sem bauð konum upp á formlega menntun, var stofnaður árið 1874 í Reykjavík eftir mikla baráttu³ og þó ekki væri háskóli á Íslandi, fengu konur að stunda nám í Kaupmannahöfn. Hins vegar biðu pólskar konur í meira en hundrað ár frá því að stefnumál um menntun kvenna var kynnt og þar til að þær fengu að koma í háskólann sem áheyrendur árið 1894 og fjórum árum seinna sem nemendur eftir að þær sýndu fram á að þær gætu lært jafn vel og karlmenn⁴. Árið 1911 voru sett á Íslandi Lög nr. 37 um rétt

¹ Hagstofa Íslands, 2022a.

² Miðstöð íslenska bókmennta, 2022.

³ Erla Hulda Halldórsdóttir, 2011, bls. 121-148.

⁴ Kowalczyk, 2018, bls.146-166.

kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta sem tryggði konum sama rétt og körlum í öllum menntastofnunum landsins, hvað varðar nám og námsstyrki úr opinberum sjóðum⁵ sem þýddi að íslenskar konur gátu hafið nám í Háskóla Íslands strax eftir að hann var stofnaður. Þá fengu konur kosningarrétt árið 1915 á Íslandi og árið 1918 í Póllandi.

Árið 2016, næstum því hundrað árum eftir að pólskar konur fengu kosningarrétt, reyndi pólska íhaldssama stjórnin að taka af þeim einn þeirra mikilvægasta rétt – réttinn til að ráða yfir eigin líkama. Reynt var að gera lög um þungunarrof svo ströng að það hefði endað með algjöru banni við þungunarrofi. Pólskar konur ákváðu að mótmæla frumvarpinu og kröfðust þess að mannréttindi þeirra yrðu virt. Sumar voru innblásnar af íslenskum konum og Kvennafrídögum þeirra⁶ og lögðu til að mótmæla á sama hátt og gert var á Íslandi fyrir rúmlega 40 árum. Mótmælin voru þá nefnd *Svörtu mótmælin* af því að fólk klæddist svörtum fötum sem þýddi að það syrgði mannréttindi í Póllandi.

Talið er að staða kvenna á Íslandi sé ein sú besta í heimi þegar pólskar konur þurfa enn að berjast fyrir réttindum sínum. Samkvæmt Kynjamisréttisvísitölu (GII), sem er verkfæri notað af Sameinuðu Þjóðunum, var Ísland í áttunda sæti af öllum löndum árið 2021. Vísitalan sýnir hversu mikið þjóðin lækkar í Lífskjaravísitölu (HDI) vegna mismunar í stöðum karla og kvenna. Hins vegar var Pólland í 31. sæti⁷. Annar vísir á málinu getur verið greiður aðgangur að getnaðarvörnum. Samkvæmt lista *European Parliamentary Forum for Sexual and Reproductive Rights* skorar Ísland 72% þegar kemur að getnaðarvarnastefnu. Á Íslandi er gott aðgegni að upplýsingum, aðföngum og ráðgjöf. Pólland er á hinn bóginn í neðsta sæti með 33,5%⁸. Auk þess hefur Ísland frjálsslynd lög um þungunarrof sem leyfa að rjúfa meðgöngu þar til á 22. viku⁹. Samt hefur Ísland frekar hátt frjósemishlutfall sem var 1,83 árið 2021¹⁰. Í andstæðu við þetta er þungunarrof næstum því bannað í Póllandi og frjósemishlutfall pólskra kvenna var 1,41¹¹ og það lækkar á hverju ári þegar getnaðarvarnar- og æxlunarstefna verður strangri.

⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, 1998, bls. 35.

⁶ Kalisz, 2016.

⁷ United Nations Development Programme, 2022.

⁸ European Parliamentary Forum for Sexual and Reproductive Rights, 2023.

⁹ Center for Reproductive Rights, e.d.

¹⁰ Hagstofa Íslands, 2022b.

¹¹ Główny Urząd Statystyczny, 2021.

1.2. Um höfundinn

Fríða Ísberg fæddist árið 1992 í Vestmannaeyjum og ólst upp í Kópavogi. Minnst er á það í viðtali hjá Rás 2 að aðeins sex eða sjö ára byrjaði hún að skrifa ljóð og kvæði¹². Hún lauk grunnprófi í heimspeki við Háskóla Íslands þegar hún var tuttugu og eins árs gömul en var ekki viss um hvað hún ætlaði að verða. Loksins ákvað hún að verða sjálfstætt starfandi og þá byrjaði hún í meistaranámi í ritlist til að verða rithöfundur.

Árið 2017 gaf hún út fyrsta verkið sitt *Slitförin*, ljóðasafn sem lýsir sambandi milli foreldra og ljóðmælanda og vakti mikla athygli. Bókin hlaut Bóksalaverðlaunin og var þá tilnefnd til Fjöruverðlauna árið 2018. Á sama ári gaf Fríða út smásagnasafnið *Kláði* sem segir frá málefnum aldamótakynslóðarinnar, þ.e. ungt fólk á þröskuldi fullorðinsáranna. Fríða sagði að smásögurnar fjölluðu um ungt fólk og veruleika þess¹³. Bókin var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2020 og Fjöruverðlaunanna 2019. Önnur ljóðabók Fríðu, *Leðurjakkaveður*, var gefin út árið 2019. Í henni er fjallað um „viðkvæmni, vörn og togstreituna milli sviðsetningar og sannleika á tímum einstaklingsdýrkunar“¹⁴. Nýjasta bók Fríðu heitir *Merking*. Hún kom út árið 2021 og er fyrsta skáldsaga höfundarins. Eins og önnur verk Fríðu segir hún frá nútímamálefnum sem varða yngri kynslóðina. Bókin hlaut mörg verðlaun, m.a. Bókmenntaverðlaun kvenna á Íslandi árið 2022.

Hún er hluti af kvennaskáldahópi sem kallar sig Svikaskáld ásamt Þórdísi Helgadóttur, Þóru Hjörleifsdóttur, Sunnu Dís Másdóttur, Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur og Melkorku Ólafsdóttur. Þær hafa gefið saman út þrjár ljóðabækur og skáldsöguna *Olíu* sem var tilnefnd til Íslenskra bókmenntaverðlauna árið 2021.

1.3. Um smásögurnar

Í BA-verkefningu eru þýddar smásögurnar *Ljósakrónan*, *Að kúga eða kúgast* og *Heim* úr smásagnasafninu *Kláða* eftir Fríðu Ísberg. Bókin er safn af sögum úr hversdagslegu lífi sem lýsa raunveruleika ungs fólks, sérstaklega á þrítugsaldri.

¹² Fríða Ísberg, 2021.

¹³ Kristjana Björg Guðbrandsdóttir, 2018.

¹⁴ Fríða Ísberg, e.d.

1.3.1. Ljósakrónan

Í *Ljósakrónunni* er fjallað um ungt par sem flytur aftur í húsi foreldra stráksins eftir að hafa búið í útlöndum í nokkur ár. Aðalþema verksins er kynslóðabil sem kemur fyrir þegar foreldrar og börn þurfa að lifa saman vegna erfiðrar stöðu á leigumarkaðnum í Reykjavík. Ástand þess er frekar óþolandi fyrir foreldrana sem taka kærustu sonar síns ekki í sátt. Smásagan er fyrstu persónu frásögn skrifuð frá sjónarhorni eldri kynslóða og sýnir muninn á hugmyndum um kynlíf og sambönd milli aldamótakynslóðarinnar og X-kynslóðarinnar.

1.3.2. Að kúga eða kúgast

Að kúga eða kúgast er skrifuð frá sjónarhorni stráks sem finnur sér kærustu. Í upphafi smásögunnar verður hann fljótlega skotinn í henni. Hann dáist að hreinskilni, fegurð og sjálfstæði hennar. Auk þess finnst honum frábært að hún þykist ekki að vera einhver önnur en hún er, en það breytist þegar hann tekur eftir því að hún er raunveruleg manneskja, ekki bara einhvers konar dúkka eins og hann er vanur að vera í samböndum með. Aðalþema smásögunnar eru væntingar karlmanna til kvenna og eitruð karlmennska.

1.3.3. Heim

Smásagan *Heim* lýsir einni af almennustu og ógnvekjandi upplifunum kvenna sem eru einar á heimleið um nætur. Í sögunni ávarpar sögumælandi konu og segir frá leiðinni heim og öllum meðfylgjandi tilfinningum hennar. Þema þessarar smásögu er öryggi kvenna og allar varúðarráðstafanir sem þær gera til að forðast árásir.

2. Fræðilegar forsendur

Samkvæmt Ethnologue eru rúmlega 7000 lifandi tungumál í heiminum sem eru notuð af tæplega 7.7 milljörðum fólks. 492 af þeim eru opinber, þ.e. þau eru notuð í löggjafarþingum og opinberum stofnunum¹⁵. Sérfræðingar spá því að um það bil helmingur af mannfjöldanum sé að minnsta kosti tvítyngdur. Afleiðingin af því er að við lifum í heimi þýðinganna hvort við erum meðvituð um það eða ekki. Þar að auki hafa þýðingar átt sér stað í aldanna rás sem þýðir að þær eru almennar í tíma og rúmi.

2.1. Um þýðingarkenningar

2.1.1. Þýðingararðferðir á forn- og miðöldum

Upphaf vestrænna þýðingasögu má rekja til Grikklands hins forna og Rómveldis. Tímabil þetta var fyrst vel skjalfest í sögu þýðinganna.

Eitt af merkilegustu þýðingarverkum fornaldar var Sjöttíumannaþýðingin (Septuaginta). Snemma á 3. öld f. Kr. voru fyrstu fimm bækur Gamla testamentisins, þýddar úr hebresku yfir á grísku af 70 (eða 72) Gyðingum í hellenísku Alexandríu. Þýðingaraðferðin sem notuð var í Sjöttíumannaþýðinguna var að þýða orð fyrir orð og hún varð fyrirmynd fornaldarlegra þýðenda goðsagna¹⁶

Hugmynd frjálsra þýðinga var þá útfærð nánar af rómverska ræðismanninum Ciceró. Hann lagði áherslu á marktæta sem ætti að vera eins málfræðilega réttur og frumtextinn sem neyðir þýðanda til að þýða merkingu fyrir merkingu í stað orðs fyrir orð. Það myndi gildi um veraldlega texta sem innihéldu ekki goðsögn.

Hierónímus var skipað að leiðrétta heilaga texta sem voru þýddir úr grísku yfir á latínu og setja saman í eina latínuútgáfu af biblíunni sem síðar var kölluð Vúlgata. Verkefni þetta orsakaði mikil þýðingaátök milli heilagleika frumtextans sem átti vera þýddur orð fyrir orð og markmiðs þýðingarinnar sem þurfti að þjóna almennu fólki. Í bréfi til Pammakíusar sem gefið var titillinn *Um bestu þýðingaraðferðina* segir Hierónímus að hann noti aðferð Ciceró í þýðingum veraldlegra texta en ekki heilagrar ritningar þar sem orðaval og orðaröð séu verk Guðs sjálfs¹⁷. Vúlgata varð hin viðurkennda

¹⁵ Ethnologue, e.d.

¹⁶ Ross, 2021.

¹⁷ Jerome, 2002, bls. 23-30.

þýðing á Biblíunni sem notuð var í Vestur Evrópu í nær 800 ár. Hún var einnig fyrsta Biblían prentuð af Gutenbergi árið 1455.

2.1.2. Tímamót Lúthers

Á 16. öld þýddi Martin Lúther Biblíuna á þýsku úr grísku og hebresku án þess að nota þýðingu Híerónímusar sem voru einskonar tímamót í þýðingasögu. Eins og fyrirrennari hans hugleiðir Lúther þýðingaraðferðir.

Í *Sendibréfinu um þýðingar* (Sendibrief vom Dolmetschen) sem hann skrifaði árið 1530, útskýrir hann þýðingaátök sem komu fram þegar hann var að þýða heilaga ritningu eftir að þýðingin hans var gagnrýnd af pápistum. Mikilvægasta hugmyndin sem kemur fyrir í bréfi Lúthers er að þýðingin þurfi að þjóna viðtakendum.

Sjá þó ekki að það er samt sem áður í samræmi við merkingu textans og þegar maður vill yfirfæra hann á skýra og volduga þýsku þá tilheyrir það þarna, því ég ætlaði mér að tala þýsku, hvorki latínu né grísku, þegar ég tók mér fyrir hendur að þýða yfir á þýskt mál.¹⁸

Martin Lúther var fyrsti almenni talsmaðurinn fyrir alþýðingu. Hann lagði áherslu á viðtakandann og gerði sitt besta til að laga frumtextann að markmálinu og markmenningunni sem breytti verulega vestrænu þýðingarsviði.

2.1.3. Friedrich Schleiermacher og eiginleg þýðing

Árið 1813 birtist greinin *Um hinar mismunandi þýðingaraðferðir* (Ueber die verschiedenen Methoden des Uebersetzens) eftir rómantíska heimspekinginn og guðfræðinginn Friedrich Schleiermacher. Í greininni segir hann að þýðing sé almenn í lífi fólks þótt markmið hennar geti verið mismunandi. Venjulega er þýtt milli tveggja tungumála en stundum kemur fram þörf til að þýða innan sama tungumálsins af því að tungumál er lifandi og notkun þess fer eftir mörgum þáttum, til dæmis stétt eða menntun mælanda.

Schleiermacher einbeitir sér að gerðum þýðinga milli tungumála og það sem hann kallar eiginlega þýðingu. Hann staðhæfir að það séu til tvær gerðir þýðinga, þ.e. túlkun sem notuð er frekar praktísk og er notað í viðskiptalífnum og þýðing sem sé list. Auk þess

¹⁸ Luther, 2010, bls. 97.

færir hann rök fyrir því að endursögnin og endursköpunin teljist ekki til raunverulegra þýðinga vegna aðalþýðingavandans:

En nú er þessu þveröfugt háttað, séu tungumál ekki svo náskyld að jafnvel megi líta á þau sem mismunandi mállýzkur, og því meira sem greinir þau að með aukinni fjarlægð í tíma eða uppruna, því ólíklegra er að eitt einasta orð í einni tungu eigi nákvæmlega samsvörun í annarri eða að beyging einnar tungu sameini nákvæmlega sama fjölbreytileika af venzlum og samsvarandi beyging í annarri.¹⁹

Samkvæmt Schleiermacher eru það bara tvær aðferðir sem geta verið notaðar í eiginlegri þýðingu, þ.e. annars vegar að færa lesandann til móts við höfundinn og hins vegar að færa höfundinn til móts við lesandann. Í fyrri aðferðinni er tilgangur að bæta lesandanum upp þekkinguna sem hann vantar til að skilja frumtextann og færa hann á sama stað þar sem þýðandinn var þegar hann las frumtextinn. Í síðari aðferðinni reynir þýðandinn að færa höfundur inni í markmenninguna eins og hann notaði markmál frá upphafi. Þessar báðar aðferðir geta ekki verið blandaðar en í bæðum er aðalhlutverki þýðandans að auðga markmenningu og þróa tungumálið.

2.1.4. Roman Jakobson og þrískipting þýðinga


Rússneskur fræðimaður Roman Jakobson var einn af þeim fyrstu sem greindu þýðingar sem vísindi, ekki list. Í greininni sinni *On Linguistic Aspects of Translation* útskýrir hann að það séu þrjár leiðir til þýðinga:

- 1) Þýðing innan tungumálsins (umorðun) – tiltekið boð er endurflutt í sama tungumálið, innan sama málkerfis.
- 2) Þýðing milli tungumála (eiginleg þýðing) – tiltekið boð er flutt yfir á annað tungumál.
- 3) Þýðing milli táknkerfa (umhverfing) – tiltekið boð er endurflutt með öðrum táknmiðli.²⁰

¹⁹ Schleiermacher, 2010, bls. 8.

²⁰ Jakobson, 2000, bls. 114.

Þar að auki í tilrauninni sinni til að færa nær bókmenntir og málvísindi kynnti hann boðmiðlunarlíkan sem sýnir tengsl milli sendanda, boðs og viðtakanda. Samkvæmt því er nauðsynlegt fyrir hendi sé kóði, boðrás og samhengi²¹.



Hver þáttur sem boðmiðlunarlíkan inniheldur tengist einu gildi. Samhengi (1) hefur tilvísunargildi, boð (2) skáldskapargildi, sendandi (3) tilfinningagildi, viðtakandi (4) áhrifagildi, boðrás (5) sambandsgildi og kóði (6) kerfisgildi.

Þótt hugmyndin kemur fyrir í samhenginu talmáls, hún gildir líka í ritmáli þar sem höfundurinn eða þýðandi skapar boð (texti) fyrir lesanda og til þess að hann geti komið boðum til viðtakanda boð hans þurfa að innihalda öllum fyrrnefndum þáttunum.

2.1.5. Jafngildi Eugene Nida

Eugene A. Nida, bandarískur Biblíuþýðingafræðingur og málvísindamaður lagði, eins og Roman Jakobson, miklu áherslu á boðmiðlun milli sendanda og viðtakanda.

$$\begin{array}{c}
 \text{sendandi} \rightarrow \text{boð} \rightarrow \text{viðtakandi} = \text{sendandi} \rightarrow \text{boð} \rightarrow \text{viðtakandi} \\
 (\text{rithöfundur}) \rightarrow (\text{texti}) \rightarrow (\text{lesandi}) = (\text{þýðandi}) \rightarrow (\text{texti}) \rightarrow (\text{lesandi})
 \end{array}$$

Ástráður Eysteinnsson bendir á að „Nida og aðrir þýðingafræðingar hafi komið því til leiðar að umræða um bókmenntaþýðingar snúist nú ekki lengur um þá gagnslausu spurningu hvort ákveðin þýðing segi það sama og frumtextinn“²². Auk þess álitur Nida að engin tvö tungumál séu alveg eins og þess vegna engin þýðing samsvarar alveg frumtextanum:

Since no two languages are identical, either in the meanings given to corresponding symbols or in the ways in which such symbols are arranged in phrases and sentences, it stands to reason that there can be no absolute

²¹ Jakobson, 1960, bls. 353.

²² Ástráður Eysteinnsson, 1984, bls. 23.

correspondence between languages. Hence there can be no fully exact translations.²³

Afleiðing af því er að þýðandi hefur val um hvað ætlar hann að leggja áherslu á.

Áhersla getur verið lögð á sendanda boðs og tilgangi hans – hvort vildi hann að upplýsa viðtakandann, kalla fram tilfinningar eða kalla fram hegðun. Boðið sjálf getur verið tekið sem mikilvægast. Þá einbeittir sér þýðandinn á formið eða inntakið boðs. Loksins getur verið lögð áhersla á viðtakanda sem þýðir að þýðandinn þurfa að hafa í huga hæfni viðtakenda til að skilja tungumál og áhuga viðtakenda. Óháð áherslu þýðanda þurfi hann alltaf að finna jafngildi sem hæfir best. Í grunninn eru tvöskónar jafngildi samkvæmt Nida:

- 1) Formlegt jafngildi (e. formal equivalence) þar sem áhersla er lögð á trúnað við frumtextann, þ.e. að markttextinn er eins nákvæmur og náinn frumtextann og hann gæti verið. Stundum hefur það í för með sér að þýða sagnorð fyrir sagnorð, nafnorð fyrir nafnorð, setningu fyrir setningu, o.s.frv.
- 2) Áhrifajafngildi (e. dynamic equivalence) sem notað er þegar markmið þýðanda er að ná fram áhrifum á lesandann sem jafngilda þeim sem frumtextinn hefur á sína lesendur. Til að afreka þennan tilgang þarf þýðingunni að falla að markmáli og markmenningu.

Nida færir einnig rök fyrir því að aðferðir eru tveir endar á skála og þess vegna mögulegt, og stundum óhjákvæmilegt, er að blanda þeim í þýðingunni.

2.1.6. Skoposkenningin Hans Vermeer og Katharina Reiss

Orðið *skopos* úr grísku þýðir ‘markmið’ eða ‘tilgangur’ og því er lýst sem aðaleinkenni kenningarinnar. Þýðandinn sem sérfræðingur í þýðingum skilgreinir markmið þýðingar samkvæmt hlutverki frumtextans. Þar að ofan á tilgangur að vera í samræmi við ákveðið hlutverk markttextans þar sem það miðast við markmenninguna og viðtakendur. Aðferðin eflir sérstaklega þýðandann sem er ábyrgur fyrir samskiptum milli menningarheima og tekur ákvarðanirnar samkvæmt því. Vermeer kemst að þeirri niðurstöðu að *skopos* getur verið notað á þrjá vegu og getur vísað til:

²³ Nida, 2002, bls. 126.

- 1) þýðingarferli, þar sem *skopos* er árangur athafnar,
- 2) þýðingarútkomu, þar sem *skopos* er hlutverk þýðingar,
- 3) þýðingaraðferð, þar sem *skopos* er tilgangur markttextans.²⁴

Í stuttu máli samdi höfundur frumtexta fyrir frummenningu og þýðandinn er höfundur markttexta fyrir markmenningu.

2.2. Um þýðingaraðferðir

Það eru til margar þýðingarkenningar og aðferðir eins og áður var nefnt í undirkafla 2.1 en hægt er yfirleitt að skipta þeim í tvo flokka – aðferðir þar sem áhersla er lögð á frummálið og annar þar sem áhersla er lögð á markmálið. Báðum flokkum eru lýst af Peter Newmark á V-plani²⁵.

Áhersla lögð á frummálið	Áhersla lögð á markmálið
Frummálið	Markmálið
(1) Frá orði til orðs	(8) Aðlögun
(2) Orðrétt þýðing	(7) Frjáls þýðing
(3) Kórrétt þýðing	(6) Eðlilegt þýðing
(4) Þýðing á grundvelli merkingar	(5) Þýðing á grundvelli tjáningar

Tafla 1. Skýningarmynd af þýðingaraðferðum samkvæmt Newmark

Í þýðingaraðferðinni frá orði til orðs (1) leggur þýðandi áherslu á að þýða orð í samræmi við orðabókamerkingu. Auk þess er orðaröð frumtextans varðveitt í markmálinu. Í aðferðinni (2) er orðaröð þýðingarinnar nánast eins og í frumtextanum og orð eru þýdd eitt í einu án samhengis setningar. Kórrétt þýðing (3) felst í því að endurskapa nákvæma samhengislega merkingu frumtextans án þess að málfræði markttextans sé röng. Í þýðingu á grundvelli merkingar (4) er lögð áhersla á fagurfræði frummálsins. Hins vegar leggur aðferð (5) áherslu á að færa nákvæma samhengislega merkingu frumtextans með því að nota málfræðireglur markmálsins. Í eðlilegri þýðingu (6) endurskapar þýðandi boð frumtextans en aflagar hann málfræðilegum reglum frumtextans. Frjáls þýðing (7) endurskapar boð og merkingu frumtextans eins og aðferð

²⁴ Vermeer, 2002, bls. 224.

²⁵ Newmark, 1988, bls. 45-47.

(6) en án þess að fylgja stíl eða formi frumtextans. Aðlögun (8) er frjálust þýðingaraðferða sem einkennist af því að merking textans er aðlöguð markmálinu og markmenningunni.

2.3. Um þýðingarferlið

Í þessum undirkafla eru frumtextarnir sem þýddir voru: *Ljósakrónan*, *Að kúga eða kúgast* og *Heim* skilgreindir af þýðandanum. Katharina Reiss bendir á það að frumtextaskilgreining er brauðnauðsynleg til þess að velja þýðingaraðferð í samræmi við tegund texta, stíl og hlutverk hans, en líka við markmið þýðingarinnar²⁶.

2.3.1. Frumtextinn

Þýddir textar eru smásögur. Tilgangur textanna er að skapa áhrif og hvetja viðtakendur til að spegla sig í sögunni með því að lýsa atburðum sem viðtakandi getur fundið sig í. Höfundurinn gerir samfélagsgagnrýni en lætur lesanda velta fyrir sér hvaða hluti af samfélaginu er gagnrýndur. Hópur viðtakenda eru að mestu leyti konur af báðum kynslóðum sem lýst eru í bókinni, þ.e. milli þrítugsaldurs og sextugsaldurs. Að sjálfsögðu gætu þau fundið sig í mismunandi persónum í sögunni svo viðbrögð þeirra við textanum myndi vera öðruvísi.

Samkvæmt Reiss og Vermeer eru til þrjár tegundar texta:

- 1) upplýsandi texti (e. informative) - sem notaður er til að færa tilkynningar,
- 2) tjáningartexti (e. expressive) - sem notaður er til að færa tilfinningar og
- 3) virkjandi texti (e. operative) - sem leiðbeinir lesanda²⁷.

Slíka flokkun gerir Ástráður Eysteinnsson í bókinni sinni *Tvímæli*. Hann segir að hægt sé að aðgreina þýdda texta í flokkum nýtingatexta sem færa tilkynningar eða bókmenntatexta sem færa tilfinningar²⁸. Frumtextinn sem er notaður í BA-verkefninu getur verið talinn til tjáningartexta eða bókmenntatexta vegna þess að hann er skapaður með notkun tjáningarhlutverks tungumáls.

Í öllum smásögunum er notað hversdagslegt, nútímalegt mál, jafnvel slangur og tökuorð. Nokkur íslensk sérnöfn koma fram í textunum, t.d. Angantýr, Vesturbær. Notaður orðaforði tengist oft kynlífi. Sum af orðunum eru formlegri og geta verið notuð

²⁶ Reiss, 2002, bls. 162-166.

²⁷ Reiss og Vermeer, 2013, bls. 182.

²⁸ Ástráður Eysteinnsson, 1996, bls. 23.

í læknisfræði, t.d. *snípur* og önnur eru óformlegri, t.d. *píka*. Sumar einkenni stílsins eru ólíkar í gegnum smásögurnar.

Ljósakrónan er smásaga skrifuð í fyrstu persónu fleirtölu. Hún er einhvers konar frásögn gerð af sögumælanda sem lýsir atburðum úr þátíðinni en samt eru stundum notuð sagnorð í nútíð. Það eru engin samtöl og þegar önnur persóna en sögumælandinn eru að tala í sögunni er það merkt með óbeinni ræðu. Setningar eru frekar langar og innihalda margar aukasetningar. Með stíl textans reynir höfundur að líkja eftir talanda manneskja á miðjum aldri í *Ljósakrónunni*. Tilgangur þess er að ýkja kynslóðabilið sem kemur fram í sögunni. Stíllinn getur minnt á dagbókarfærslu eða hugarflæði. Skoðanir eru tjáðar án mikillar hugsunar og atburðir eru gagnrýndir harkalega.

Bygging smásögunnar *Að kúga eða kúgast* er lík uppbyggingu *Ljósakrónunnar*. Sagan er frásögn í þriðju persónu en segir frá einu sjónarhorni sem er frá ungum manni og þess vegna er notaður orðaforði yngri kynslóðarinnar. Sagan er byggð af frekar löngum setningum sem minna á hugarflæði en þó styttri en í *Ljósakrónunni* og inniheldur samtöl skrifuð með notkun beinnar ræðu.

Þriðja sagan *Heim* er mjög ólík hinum. Hún er skrifuð í annarri persónu eintölu og ávarpar einhvers konar konu (kannski lesandann). Setningar eru oftast fullgerðar og stuttar, en engu að síðir kjarnyrtar. Hún er skrifuð í öðrum stíl sem reynir að byggja upp spennu sem er tilfinning sem fylgir oft konum sem eru einar á leið heim um nætur.

2.3.2. Markmið þýðingarinnar

Markmið þýðingarinnar er til að færa pólska lesandann til móts við frummenninguna. Eins og bent var á í inngangi eru ekki margar íslenskar bækur þýddar yfir á pólsku þótt Pólverjar séu fjölmennasti minnihlutahópur útlendinga á Íslandi. Tilgangurinn er að koma á þýðingum af íslenskum bókmenntum sem sýna íslenskan raunveruleika og hugarfar, sérstaklega þegar kemur að jafnrétti. Bókmenntir spegla hugmyndir og viðhorf samfélagsins. Þess vegna mikilvægt er að þýða verkin til þess að kynna fólk fyrir hugmyndum um jafnrétti.

2.3.3. Um valda þýðingaraðferð

Eftir að frumtextinn er skilgreindur velur þýðandi þýðingaraðferð sem hann myndi nota í þýðingu til þess að endurskapa tegund, stíl og hlutverk frumtextans og ná markmiðum sem hann setti sér í þýðingunni.

Að þýða milli tungumála sem tilheyra öðruvísi málaættum er stundum ómögulegt með því að nota formlegt jafngildi og þess vegna kemur valið milli notkunar þess og áhrifajafngildis oft fram í verki þýðenda og allir kostir og ókostir aðferðarinnar eiga að vera hafnir til hliðsjónar eins og Ástráður Eysteinnsson bendir á í bókinni *Orðaskil*.

Þýðandi verður einnig að sinna þriðja þætti boðanna, þeim ávirka (pragmatíska), er að lesandanum snýr og varðar læsileika textans. Með formlegu jafngildi getur texti orðið þungur aflestrar, þó svo hann gefi raunsanna mynd af frumtexti. Með áhrifajafngildi er oftár ekki stefnt að því að viðhalda aðgengileika verksins á nýju máli og því skyni eru ef til vill skertir ýmis formlegir þættir sem menningarlegar skírskotanir.²⁹

Þegar á allt er litið eru valin jafngildi á heilum skala með því að leggja meiri áherslu á áhrifajafngildi og markmálið til að þýða smásögurnar *Ljósakrónuna*, *Að kúga eða kúgast* og *Heim*. Þó samkvæmt formlegu jafngildi reynir þýðandinn að endurspegla stílinn og form frumtextans í marktöxtanum, sérstaklega með notkun aukasetninganna eins og þær eru notaðar í frumtextanum. Auk þess er sérstök áhersla lögð á orðaforða sem tengjast kynlífi í pólsku þýðingunni vegna þess að pólskur orðaforði jafngildir ekki íslenskum á þessu svæði. Þessi orðaforði er þýddur í samræmi við reglur fyrir eðlilega þýðingu, þ.e. aðallega með því að endurskapa boð og merkingu frumtextans.

²⁹ Ástráður Eysteinnsson, 2017, bls. 49.

3. Þýðingarvandamál og lausnir

Roman Jakobson segir í greininni sinni *On Linguistic Aspects of Translation* sem tekur dæmi um þýðingu milli ensku og rússnesku að það sé erfiðara að varðveita frumtextann þegar það eru ekki til ýmsir málfræðilegir flokkar úr frummálinu í markmálinu og boð getur verið týnt³⁰. Íslenska tilheyrir germönskum málum eins og enska, og pólska tilheyrir slavneskum málum eins og rússneska og þess vegna kemur stundum fyrir vandamál í þýðingu milli þeirra eins og nánar verður fjallað um hér í eftirfarandi undirköflum.

3.1. Málfræðileg þýðingarvandamál

3.1.1. Greinir

Greini er eitt af íslenskum málfræðilegum atriðum sem eru ekki til á pólsku og þess vegna er alltaf mjög krefjandi að þýða yfir á pólsku. Greini er bætt við nafnorð til að gera það ákveðið.

Fall	Eintala		Fleirtala	
	íslenska	pólska	íslenska	pólska
Nf.	maður- inn	ten mężczyzna	menn(ir)- nir	ci mężczyźni
Þf.	mann- inn	tego mężczyznę	menn- ina	tych mężczyzn
Þgf.	manni- num	temu mężczyźnie	mönnu(m)- num	tym mężczyzną
Ef.	manns- ins	tego mężczyzny	manna- нна	tych mężczyzn
Tf.		tym mężczyzną		tymi mężczyznami
Sf.		tym mężczyźnie		tych mężczyznach
Áf.		ten mężczyzn		ci mężczyźni

Tafla 2. Beyging ákveðna nafnorðsins maður

Samkvæmt Töflu 2 er þörf til að nota ábendingarfornafnið *ten* 'þessi' í stað fyrir greini á pólsku til að vísa í ákveðið nafnorð.

- (1) a. Þau hafa orð á því að hoppa ekki út í **sambandið** án björgunarhrings, (...).
(bls. 21)
- b. Ustalają, że nie będą wskakiwać w **ten związek** bez koła ratunkowego, (...)
- c. Þau ákveða að hoppa ekki út í þetta samband án björgunarhrings, (...).

³⁰ Jakobson, 2000, bls. 116.

Auk þess er oft hægt að sleppa ákveðni í setningu, sérstaklega þar sem er eignarforafn á undan eins og í dæminu (2).

- (2) a. Þarna er **húsið** þitt. (bls. 43)
- b. Tam jest **twój dom**.
- c. Þarna er þitt hús.

3.1.2. Mynd sagnorða

Sagnorð á íslensku eða á pólsku beygjast í þremur myndum:

- 1) Germynd (p. strona czynna) er notuð þar sem frumlag er gerandi og andlag er þolandi verknaðar.
- 2) Þolmynd (p. strona bierna) er notuð þar sem frumlag er þolandi verknaðar. Andlag er gerandi en hægt er að sleppa því í setningu af því að áherslan er lögð á þolanda og ekki er nauðsynlegt að nefna geranda.
- 3) Miðmynd (p. strona zwrotna) er mynduð öðruvísi á pólsku og íslensku. Í íslenskunni er bætt sagnorði við viðskeyti *-st* sem og þá getur það haft ýmsa merkingu: germyndarmerkingu, afturbeygða merkingu og þolmyndarmerkingu³¹. Íslenskar miðmyndarsagnir nálgast stundum samsvarandi afturbeygðu formunum sínum eins og *meiðast* og *meiða sig*. Hins vegar er miðmynd alltaf sköpuð með því að nota afturbeygt forafn *się* í pólsku, og í þessari mynd er frumlag gerandi og þolandi á sama tíma.

Notkun afturbeygðs forafns í miðmyndinni á pólsku er samt algengari en á íslensku og gildir um mörg orð sem eru eða eru ekki notuð í miðmyndinni á íslensku.

- (3) a. Þau **kyssast** og þeim **líður** betur. (bls. 32-33)
- b. (Oni) **całują się** i **czują się** lepiej.
- c. (Þau) kyssast og líðast betur.

Afturbeygt forafn getur breytt merkingu sagnorðs í pólsku. Sagnorðið *uczyć* getur verið notað í tvenns konar merkingu. Án þess að nota afturbeygða forafnið *się* þýðir það 'að kenna einhverjum'. En þar sem notað er afturbeygt forafn á eftir þýðir það 'að læra' af því að frumlag er gerandi sem kennir sér sjálfur sem gerir hann líka að þolanda verknaðar.

³¹ Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir, 1998, bls. 179-180.

- (4) a. Hann **lærir** á ástina. (bls. 23)
 b. (On) **uczy się** miłości.
 c. (Hann) lærir sig ástina.

Stundum er ekki mögulegt eða eðlilegt að þýða miðmyndsagnir úr íslensku yfir á pólsku með notkun nafnháttar úr því mynduð er miðmynd, t.d. *að taka* og *að takast*. Sagnorðið *að taka* þýðir ‘wziąć’ í pólsku. Hægt er að setja afturbeygt fornafn á eftir því - *wziąć się* - og breyta merkingunni frá ‘að taka e-ð’ í ‘að gera e-ð’ sem getur stundum verið notuð í slíku samhengi eins og *að takast* en í dæmi (5) eðlilegra er að þýða með notkun sagnorðsins *przezwyćzyć* ‘að sigrast’ sem er hluti af orðatiltækinu *przezwyćzyć traumę*.

- (5) a. (...) hvernig á að **takast** á við áföll, (...). (bls. 13)
 b. (...) jak powinno się **przezwyćzyć** traumę, (...).
 c. (...) hvernig á sig að sigrast áföll, (...).

3.1.3. Horf sagnorða

Annar munur milli beyginga sagna í íslensku og pólsku er horf sagnorðs. Sagnorð í pólsku getur verið flokkað í tvo flokka samkvæmt horfi sínu:

- 1) imperfektíf (czasownik niedokonany) – lítið er á verknað sem varandi athöfn án endapunkts,
- 2) perfektíf (czasownik dokonany) – lítið er á verknað sem heild, gerðir frá upphafi til enda³².

Stundum fer það eftir samhengi hvaða horf sagnorðs passar betur í setningu eins og í dæmi (6). Sagnorðið *að hætta* getur verið þýtt á pólsku í imperfektífu horfi ‘konczyć’ eða perfektífu horfi ‘skonczyć’. Þess vegna þarf þýðandi að staðfesta hvort athöfnin sé búin eða ekki. Dæmi (6b) segir að athöfn sé alveg búin – gerandi hætti að gera eitthvað frá upphafi til enda.

- (6) a. Kannski **hættirðu** að drekka klukkan eitt. (bls. 37)
 b. Može **skończyłaś** pić o pierwszej.
 c. Kannski varst (kvk.) búin að drekka klukkan eitt.

³² Jón Axel Harðarson, 2002.

Perfektíft horf er myndað með því að bæta forskeyti við sagnorð í imperfektífu horfi. Bæði horf beygjast í öllum tíðum en imperfektíft horf er notað sérstaklega til að tjá þátíð og framtíð.

Tíð	Perfektíf á pólsku	Merking á íslensku	Imperfektíf á pólsku	Merking á íslensku
þátíð	Zjadłam.	Ég var búin að borða.	Jadłam.	Ég borðaði.
nú tíð	Zjadam.	Ég er að borða.	Jem.	Ég borða. / Ég er að borða.
framtíð	Zjem.	Ég er að fara að borða. / Ég ætla að borða.	Będę jadła.	Ég mun borða þetta.

Tafla 3. Beyging sagnorðs *jeść* eftir horfi og tíð

Í dæmi (7) velur þýðandi á milli orð fyrir orð þýðingar eins og „**Skończyłaś jeść** tę pizzę z zamrażarki?“ og notkunar sagnorðs í perfektífu horfi. Báðar aðferðir eru málfraeðilega réttar og valið á þeim fer eftir víðara samhengi og stíl textans.

- (7) a. **Varstu búin að borða** pítsuna úr frystinum? (bls. 43)
 b. **Zjadłaś** tę pizzę z zamrażarki?
 c. Borðaðu pítsuna úr frystinum?

Í þýðingunni var valið að nota perfektíft horf sagnarinnar *jeść* til þess að ná betra flæði í textanum.

3.1.4. Viðtengingarháttur

Viðtengingarháttur sagna er notaður í setningum sem tákna ekki beinar staðreyndir heldur fela í sér óvissu, möguleika, ósk, skilyrði eða því um líkt³³. Í íslensku eru viðtengingarháttirnir tveir – viðtengingarháttur I sem leiddur er af nafnhætti og viðtengingarháttur II sem dreginn er af þátíðarmyndum sagna. Háttur þessi er líka til í pólsku og er kallaður *tryb przypuszczający*. Reglan er yfirleitt sú sama – talað er um verknað sem er mögulegur en gerðist ekki í raun og veru. Munurinn er því að í pólsku er bara ein tegund viðtengingarháttar sem myndaður er með viðskeyti *-by* og hann er notaður til að þýða báðar tegundir. Dæmi (8) sýnir þýðingu viðtengingarháttar II.

- (8) a. Ef hann **væri** nítján ára **myndi** hann líka kinka kolli. (bls. 33)
 b. Gdy **by** **miał** dziewiętnaście lat, też **by** potakiwał.
 c. Ef (vh.) hafði nítján ár, líka (vh.) kinka kolli.

³³ Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir, 1998, bls. 186.

Dæmi (9) sýnir þýðingu viðtengingarháttar I.

- (9) a. (...), hvort hún **geti** ekki klórað sér þegar hann sjái ekki til, (...). (bls. 25)
- b. (...), czy ona nie **mogłaby** się drapać, kiedy on tego nie widzi, (...)
- c. (...), hvort hún ekki geti sér klórað, þegar hann þetta ekki sér.

3.2. Setningafræðileg þýðingarvandamál

3.2.1. Frumlag

Í báðum tungumálum er grunnorðaröð FSA (frumlag – sagnorð – andlag) en það eru mikill munur á byggingu setningar. Fyrst og fremst er venjulega hægt að sleppa frumlagi á pólsku, sem er ekki gert á íslensku. Dæmi (10) sýnir að þegar frumlag er fornafn er því oftast sleppt í pólskum setningum þar sem form sagnorðsins á undan því sýnir persónu og kyn hennar.

- (10) a. **Hún** er yngri en hann, svolítið óörugg, hlær þegar **hún** veit ekki hvað **hún** á að gera. (bls. 28)
- b. (**Ona**) Jest od niego młodsza, troszkę niepewna siebie, śmieje się, kiedy nie wie, co ma zrobić.
- c. (Hún) Er yngri en hann, svolítið óörugg, hlær þegar veit ekki hvað á að gera.

